
Fræðslustefna Landsbankans



Fræðslustefna Landsbankans

Það er stefna Landsbankans að hjá honum starfi hæft, metnaðarfullt og ánægt starfsfólk. Í fræðslustarfi bankans er lögð áhersla á að bjóða starfsfólki upp á:

- » Markvissa fræðslu og þjálfun sem tryggir nauðsynlega þekkingu og hæfni til að ná árangri í starfi.
- » Fjölbreytta fræðslu sem stuðlar að því að efla einstaklinginn.
- » Styrki til að sækja nám/fræðslu utan bankans.

Virgni fræðslustefnunnar

Ýmsar leiðir eru farnar til að fylgjast með virkni fræðslustefnunnar. Upplýsingar fást m.a. úr:

- » Fræðslukerfi bankans
- » Vinnustaðagreiningu
- » Mati á gæðum fræðslu og ávinningi hennar
- » Könnun á gæðum móttöku og þjálfunar starfsmanna
- » Þjónustukönnunum

Fræðsla er sameiginleg ábyrgð bankans og starfsmanns

Litið er á það sem samstarfsverkefni Fræðsludeildar, stjórnenda og starfsmanna að sjá til þess að hver starfsmaður fái þá fræðslu sem hann þarf til að sinna starfi sínu á fullnægjandi hátt, undirbúa hann fyrir framtíðarverkefni og hlúa að starfsþróun hans.

Hlutverk starfsmanns

Hlutverk starfsmanns felst m.a. í því að:

- » Greina eigin fræðsluþarfir og markmið.
- » Fylgjast með framboði fræðsluatburða innan bankans og utan.
- » Leita eftir því að fá að sækja fræðsluatburði sem svara þörfum hans.
- » Gera áætlun, í samstarfi við næsta yfirmann, um það hvernig hann ætlar að þróast í starfi og undirbúa sig fyrir verkefni framtíðarinnar. Starfsmannasamtöl eru tilvalinn vettvangur til þessa.

Hlutverk stjórnanda

Yfirmanni ber að hvetja og styðja starfsmenn til starfsþróunar og fræðslu með því að:

- » Fylgjast með fræðsluþörfum þeirra vegna núverandi verkefna eða framtíðarverkefna.
- » Úthluta hverjum og einum starfsmanni verkefni sem ögra honum.
- » Veita góða endurgjöf um frammistöðu starfsmanna.
- » Hvetja starfsmenn til að læra og vaxa í sínu starfi og setja sér viðeigandi markmið.
- » Hvetja starfsmenn til að sækja sér þá fræðslu sem þeir þurfa á að halda.
- » Nýta starfsmannasamtöl til að ræða og gera áætlanir um starfsþróun og fræðslu.